

AUGLÝSING

um samþykki starfsreglna endurskoðendaráðs.

Með vísan til 1. mgr. 18. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur með áorðnum breytingum hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra hinn 19. október 2012 samþykkt starfsreglur endurskoðendaráðs sem birtar eru í fylgiskjali með auglýsingu þessari. Starfsreglurnar voru samþykktar á fundi endurskoðendaráðs hinn 12. september 2012 og taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. nóvember 2012.

F. h. r.
Kristján Skarphéðinsson.

Valgerður Rún Benediktsdóttir.

Fylgiskjal.

STARFSREGLUR endurskoðendaráðs.

I. KAFLI

Stjórnsýsluleg staða endurskoðendaráðs, hlutverk og valdsvið.

1. gr.

Stjórnsýsluleg staða.

Endurskoðendaráð er stjórnsýslunefnd sem starfar samkvæmt lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur. Um störf endurskoðendaráðs, s.s. um hæfi, endurupptöku o.fl. gilda einnig ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og aðrar reglur stjórnsýsluréttar eftir því sem við getur átt eða eftir atvikum sérreglur er taka til starfa endurskoðenda.

2. gr.

Skipun endurskoðendaráðs.

Ráðherra skipar fimm menn í endurskoðendaráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara og skulu þeir hafa þekkingu á sviðum sem tengjast endurskoðun. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda, einn skal skipaður eftir tilnefningu Viðskiptaráðs Íslands og tveir nefndarmenn skulu skipaðir af ráðherra án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Skal formaður fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara. Eins skal farið að um skipun varamanna. Meiri hluti ráðsins skal skipaður öðrum en þeim sem hafa starfað við endurskoðun á síðustu þremur árum.

3. gr.

Hlutverk endurskoðendaráðs.

Hlutverk endurskoðendaráðs, sbr. V. kafla laga nr. 79/2008 er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækir ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Endurskoðendaráð skal sérstaklega fylgjast með:

1. að endurskoðandi uppfylli skilyrði til löggildingar,
2. að endurskoðandi uppfylli kröfur um endurmenntun,
3. að reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja fari fram,
4. að til séu siðareglur og endurskoðunarstaðlar.

Endurskoðendaráð viðurkennir meistaránám í endurskoðun og reikningsskilum, sbr. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 79/2008.

Endurskoðendaráð veitir undanþágu og metur skilyrði löggildingar vegna náms og prófgráða sem aflað er erlendis eða þegar einstaklingar hafa lokið öðru háskólanámi með endurskoðun sem sérsvið, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 79/2008. Þegar endurskoðandi óskar eftir því að fá réttindi sín að nýju, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 79/2008 getur ráðið einnig lagt til við ráðherra að veita undanþágu frá skilyrði um að viðkomandi þurfi að standast próf að nýju.

Endurskoðendaráð skipar þriggja manna prófnefnd endurskoðenda sem heldur próf fyrir þá sem sækja um löggildingu til endurskoðunarstarfa. Prófnefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Endurskoðendaráð leggur fyrir ráðherra tillögu að reglugerð þar sem kveðið er nánar á um skilyrði til próftöku, prófgreinar, framkvæmd prófa og lágmarksárangur til að standast þau.

Endurskoðendaráð setur reglur um framkvæmd gæðaeftirlits og val gæðaeftirlitsmanna í samræmi við VII. kafla laga nr. 79/2008.

Endurskoðendaráð skal hafa samvinnu við lögbær yfirvöld í ríki innan Evrópska efnahags-svæðisins, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum við eftirlit og rannsókn með störfum endurskoðenda.

Endurskoðendaráð lætur dómstólum, ákærvaldi og stjórnvöldum í té umsagnir varðandi efni á sviði endurskoðunar.

II. KAFLI

Um störf endurskoðendaráðs og málsmeðferð.

4. gr.

Frumkvæðismál og reglubundið eftirlit.

Endurskoðendaráð fylgist sérstaklega með því að endurskoðendur uppfylli kröfur um löggildingu annars vegar með því að fela Félagi löggiltra endurskoðenda tiltekin verkefni skv. 13. gr. laga nr. 79/2008 og hins vegar að eigin frumkvæði.

Þegar endurskoðendaráð telur ástæðu til að ætla að endurskoðandi uppfylli ekki skilyrði löggildingar skal ráðið þegar í stað senda viðkomandi aðila bréf með staðfestanlegum hætti og veita honum hæfilegan frest til að senda nánari upplýsingar eða staðfestingu á að hann uppfylli umrætt löggildingarskilyrði eða eftir atvikum að tala máli sínu.

Þegar Félag löggiltra endurskoðenda hefur sent endurskoðendaráði niðurstöður gæðaeftirlits skal endurskoðendaráð gæta sérstaklega að því hvort þær bendi til þess að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hafi gerst brotleg við ákvæði laga nr. 79/2008, síðareglur sem Félag löggiltra endurskoðenda setur eða aðrar reglur er taka til starfa endurskoðenda.

Endurskoðendaráð getur, sbr. 16. gr. laga nr. 79/2008, tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði ef það hefur ástæðu til að ætla að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hafi brotið gegn lögunum, síðareglum Félags löggiltra endurskoðenda eða öðrum reglum sem taka til starfa endurskoðenda, m.a. þegar ráðið hefur fengið í hendur niðurstöður gæðaeftirlits eða niðurstöður reglubundinna athugana Félags löggiltra endurskoðenda á löggildingarskilyrðum og endurmenntun.

Þegar endurskoðendaráð tekur upp mál að eigin frumkvæði skal það gera viðkomandi endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki grein fyrir athugun sinni og gefa honum kost á að senda ráðinu skriflega greinargerð og gögn í málinu. Skal um meðferð frumkvæðismála að öðru leyti fara samkvæmt 6.-8. mgr. 5. gr. og 6. gr. þessara reglna eða eftir atvikum á grundvelli reglna sem ráðuneytið eða endurskoðendaráð kunna að setja um málsmeðferð sérstakra málaflokka.

5. gr.

Kærur og ágreiningsefni.

Endurskoðendaráð úrskurðar um kærur og ágreiningsefni sem lúta að störfum endurskoðenda samkvæmt lögum nr. 79/2008.

Hver sá sem telur á sér brotið af hálfu endurskoðanda með aðgerðum eða aðgerðaleysi hans getur skotið málinu til endurskoðendaráðs til úrskurðar. Mál skal lagt fyrir endurskoðendaráð með skriflegu erindi svo fljótt sem verða má en eigi síðar en fjórum árum eftir að brot var framið, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 79/2008. Kæra eða beiðni um úrskurð skal ásamt fylgigögnum vera í tvíriti.

Þegar endurskoðendaráði hefur borist kæra eða beiðni um úrskurð samkvæmt framansögðu skal ráðið senda málsaðilum samhljóða bréf þar sem staðfest er móttaka erindisins og málsaðilar upp-

lýstir um stöðu endurskoðendaráðs, hlutverk og málsmeðferð. Á þessu stigi málsins er endurskoðendaráði heimilt að beina því til kæranda eða þess er óskar úrskurðar í ágreiningsmáli að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar. Skal sá frestur að jafnaði ekki vera lengri en einn mánuður.

Að liðnum fresti samkvæmt framansögðu skal endurskoðendaráð senda viðkomandi endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki öll framkomin gögn og gefa viðkomandi kost á að skila innan tiltekins frests greinargerð og gögnum. Skal sá frestur að jafnaði ekki vera lengri en einn mánuður. Endurskoðendaráð getur þó miðað við eðli og umfang máls veitt lengri frest.

Telji endurskoðendaráð ástæðu til getur það kallað eftir frekari gögnum og skýringum frá aðilum málsins eða eftir atvikum öðrum aðilum. Sinni kærandi ekki tilmælum um að leggja fram frekari gögn getur það leitt til þess að endurskoðendaráð láti málið niður falla. Þó getur ráðið í því tilviki, telji það gögn málsins benda til þess að viðkomandi endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hafi gerst brotleg við ákvæði laga um endurskoðendur, siðareglur eða aðrar reglur er taka til starfa endurskoðenda, ákveðið að fara með málið sem frumkvæðismál, sbr. 4. gr. reglna þessara.

Málsmeðferð skal að jafnaði vera skrifleg. Telji endurskoðendaráð ástæðu til þess getur ráðið kallað málsaðila saman eða sitt í hvoru lagi til að tjá sig um málið munnlega.

Þegar kvörtun eða ágreiningsmál lýtur að atriðum er endurskoðendaráð skal hafa eftirlit með í samræmi við 15. gr. laga nr. 79/2008 og endurskoðendaráð telur að um óverulegan annmarka sé að ræða skal ráðið veita endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki hæfilegan frest til úrbóta eða eftir atvikum að skýra mál sitt og leggja fram viðeigandi gögn til stuðnings máli sínu. Skal slíkur frestur að jafnaði ekki vera lengri en einn mánuður, en má þó vera lengri ef sérstakar ástæður mæla með því.

Þegar endurskoðendaráði þykja líkur að því leiddar að endurskoðandi hafi gerst brotlegur við lög nr. 79/2008 þannig að til greina komi að ráðið veiti áminningu eða leggi til að viðkomandi aðili verði sviptur starfsréttindum, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008, skal ráðið tilkynna viðkomandi aðila um slíkt og gefa honum kost á að koma með andmæli, eftir atvikum munnlega eða skriflega. Hið sama á við þegar til greina kemur að leggja til við ráðherra að réttindi endurskoðunarfyrtækis verði felld niður, sbr. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 79/2008. Skal ráðið í því tilviki veita stjórnendum viðkomandi endurskoðunarfyrtækis kost á að tjá sig um málið.

6. gr.

Lok máls.

Þegar ráðið telur málið nægjanlega vel upplýst er það tækt til efnismeðferðar og skal ráðið kveða á um niðurstöðu málsins að jafnaði innan mánaðar. Skal aðilum máls tilkynnt um niðurstöðu svo fljótt sem verða má.

Málskostnaður úrskurðast venjulega ekki við meðferð máls fyrir ráðinu. Endurskoðendaráði er þó heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila með úrskurði þess efnis til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu.

7. gr.

Óverulegir annmarkar.

Komi í ljós við eftirlit samkvæmt 15. gr. laga nr. 79/2008 að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hafi brotið gegn lögum nr. 79/2008, siðareglum eða öðrum reglum er taka til starfa endurskoðenda getur endurskoðendaráð, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna, veitt viðkomandi hæfilegan frest til að bæta úr ef um óverulegan annmarka er að ræða.

8. gr.

Verulegir annmarkar.

Telji endurskoðendaráð sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið gegn lögum nr. 79/2008 svo að ekki verði við unað, skal ráðið, sbr. 2. mgr. 17. gr. laganna, með rökstuddu álitum veita viðkomandi aðila áminningu eða leggja til við ráðherra að réttindi endurskoðandans verði felld niður.

Telji endurskoðendaráð í ljósi alvarleika brots, umfangs þess eða annarra málavaxta nauðsynlegt, getur það með rökstuddu álitni vísað máli til opinberrar rannsóknar.

9. gr.

Um ákvarðanir endurskoðendaráðs.

Ráðið skal fullskipað þegar það úrskurðar í kæru- og ágreiningsmálum, þegar það veitir rökstutt álit vegna verulegra annmarka, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 eða vísar máli til opinberrar rannsóknar með rökstuddu álitni. Við ákvarðanir ráðsins ræður afl atkvæða og þarf minnst þrjú atkvæði til að ákvörðun nái fram að ganga.

Ákvarðanir endurskoðendaráðs sæta ekki stjórnsýslukæru.

Endurskoðendaráð skal jafnan leita álits sérfróðra manna utan ráðsins um mál sem eru utan við sérfræðisvið þeirra manna er ráðið skipa.

Verði ekki samkomulag í ráðinu um afgreiðslu máls skal þess getið í umsögn, enda hefur sá eða þeir, er ágreining gera, rétt til að gera sérstaka grein fyrir atkvæði sínu.

10. gr.

Reglulegir fundir og starfsáætlun.

Endurskoðendaráð skal halda fundi svo oft sem ástæða þykir en eigi sjaldnar en 6 sinnum á ári. Boðað skal til fundar að lágmarki með viku fyrirvara nema sérstakar ástæður krefji. Í fundarboði skal koma fram dagskrá fundarins og fundarstaður. Forfallist einhver sem sæti á í ráðinu ber honum að gera varamanni viðvart ef til stendur að taka ákvörðun þar sem ráðið skal vera fullskipað, sbr. 4. gr. reglna þessara. Þá skal einnig kalla til varamann ef fyrirsjánlegt er að forföll verði í fleiri en tvo fundi í röð.

Fundum endurskoðendaráðs stýrir formaður ráðsins eða varaformaður. Halda skal fundargerð um störf ráðsins. Ráðið skal velja einn af meðlimum sínum eða starfsmönnum sem ritara og skráir hann fundargerðir.

Endurskoðendaráð skal í byrjun hvers starfsárs semja starfsáætlun sem að lágmarki nær til þeirra lögbundnu starfa sem ráðinu eru falin. Jafnframt skal ráðið semja fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár.

11. gr.

Þagnarskylda og aðgangur að gögnum.

Endurskoðendaráð, starfsmenn þess og þeir sem sinna verkefnum fyrir ráðið eru bundnir þagnarskyldu, skv. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 79/2008 um allt það sem þessir aðilar komast að vegna starfa sinna og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Um aðgang að gögnum ráðsins gilda ákvæði stjórnsýslulaga, upplýsingalaga nr. 50/1996 með síðari breytingum eða eftir atvikum ákvæði sérlaga.

12. gr.

Skráning mála og birting á niðurstöðum.

Ráðið skal stimpla eða árita öll erindi sem því berast þannig að fram komi móttökudagur og einnig önnur atriði er þurfa þykir. Þegar erindi berst með rafrænum hætti skal það prentað og geymt í málaskrá.

Endurskoðendaráð skal skrá öll innkomin bréf og erindi í sérstaka málaskrá. Afrit útsendra bréfa skulu einnig varðveitt með sama hætti.

Skjöl sem afhent eru endurskoðendaráði og lögð fram við meðferð einstakra mála, skulu send eða afhent í tvíriti, tölusett í röð og skulu skjöl hvers máls mynda eina heild. Á skjölin skal einnig rita hvenær þau eru lögð fram á fundum ráðsins.

Endurskoðendaráð skal birta opinberlega og rekja alla úrskurði sína sbr. 16. gr. laga nr. 79/2008. Ráðið skal hafa gagnsæi í stjórnsýslu að leiðarljósi við birtingu upplýsinga. Í því skyni heldur ráðið úti vefsíðunni www.endurskodendarad.is.

Endurskoðendaráð skal í samræmi við 5. mgr. 22. gr. laga nr. 79/2008 birta árlega upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlits.

Endurskoðendaráð skal árlega gera skýrslu um störf sín og skal hún opin almenningi. Árleg starfsáætlun ráðsins er einnig opinber.

Birting ráðsins á niðurstöðum og skýrslum samkvæmt framansögðu skal heimil með rafrænum hætti.

III. KAFLI Önnur ákvæði.

13. gr.

Starfsmenn endurskoðendaráðs.

Endurskoðendaráði er heimilt að höfðu samráði við ráðherra, að ráða starfsmenn til að sinna skrifstofuhaldi eða öðrum verkefnum eða fela sjálfstætt starfandi aðila að vinna einstök verkefni. Skal ráðið gæta þess að framangreindir aðilar undirgangist ákvæði laga nr. 79/2008 um þagnarskyldu.

14. gr.

Erlent samstarf.

Þrátt fyrir ákvæði laga um þagnarskyldu er endurskoðendaráði heimilt, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 79/2008 að láta erlendum eftirlitsaðilum eða lögbærum yfirvöldum erlendis í té upplýsingar að því tilskildu að viðkomandi erlendir aðilar uppfylli kröfur um samsvarandi þagnarskyldu og séu undir eftirliti í sínu heimalandi. Með upplýsingar sem endurskoðendaráð fær frá framangreindum erlendum aðilum og einkenndar eru sem trúnaðarmál eða eru það eðli málsins samkvæmt, skal fara samkvæmt ákvæðum um þagnarskyldu, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 79/2008.

15. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, öðlast gildi við samþykki ráðherra og birtingu í Stjórnartíðindum. Frá sama tíma falla úr gildi óbirtar starfsreglur endurskoðendaráðs frá 2001.

Reykjavík, 12. september 2012.